



Menntun – Gleði – Umhyggja – Framfarir

Undirbúningur fyrir skólabyrjun í Brekkuskóla

Aðlögun

Í skólaaðlögun er reynt að koma til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda.

Lög um leik- og grunnskóla, aðalnámskrár og skólastefna Akureyrarbæjar leggja áherslu á mikilvægi samfellu í uppeldi og menntun. Með samfellu er átt við að samræmi sé milli þess sem börn vinna með eða gera í leikskólanum við það sem unnið er að í grunnskólanum; að kröfur og væntingar í sambandi við vinnubrögð, nám og samskipti séu rædd og mótuð og öllum vel kunn. Kennarar beggja skólastiga taka mið af því í samstarfi sínu.

Foreldrasamstarf

Brekkuskóli leggur ríka áherslu á samstarf heimilis og skóla um hvern nemanda. Skólinn lítur svo á að foreldrar séu sérfræðingar í þörfum barna sinna og skólinn í samstarfi við foreldra leitast við að koma til móts við þarfir barnsins. Það gerir skólinn með því að einstaklingsmiða kennsluhætti. Félagsleg samskipti skipta miklu máli þegar barn byrjar í skóla. Breytingar geta haft áhrif á veika þætti hjá barninu bæði félagslega og námslega. Með samstarfi beggja aðila er reynt að létta yfirfærsluna og koma í veg fyrir óöryggi og jafnvel kvíða.

Frístund

Börn í 1.- 4. bekk skólans eiga kost á gæslu eftir skólatíma dag hvern til kl. 16:15. Frístund er tilboð sem er hluti af skólastarfinu og fylgir heildarstefnu skólans. Frístund er staðsett á neðstu hæð skólahúsnæðisins, á sama gangi og kennslan fer fram. Skrá þarf börn í Frístund fyrir allan veturinn með dvalarsamningi sem tilgreinir hvaða daga og tíma foreldrar vilja nýta fyrir barnið sitt. Barn getur ekki byrjað í Frístund fyrr en gengið hefur verið frá dvalarsamningi. Þetta er nánar kynnt á kynningarfundum fyrir foreldra að vori.

Skólastarf Brekkuskóla hefst með samtali foreldra og kennara. Á starfsdögum kennara og þá daga sem samræður foreldra og umsjónarkennara fara fram er Frístund opin allan daginn fyrir þau börn sem þar eru skráð.

Við upphaf skólagöngu

Við upphaf skólagöngu er mikilvægt að búa barnið undir skólann með því að kynna barninu umhverfi hans. Til dæmis getur verið gott að barnið fái að leika sér á skólalóðinni og æfi sig að ganga frá heimili að skóla. Einnig er gott ef barnið getur bjargað sér í búningsklefa, klætt sig án aðstoðar fullorðinna og sé sjálfbjarga um að klæða sig í útiföt.



Umferðarfræðsla

Í upphafi skólagöngu 5 ára barna er mikilvægt að fara yfir helstu umferðarreglur sem nemendur þurfa að þekkja og geta nýtt sér til að tryggja öryggi sitt í umferðinni. Eftirfarandi gátlisti er til að auðvelda foreldrum og forráðamönnum þessa vinnu.

- * Gönguleiðin milli heimilis og skóla
- * Gönguleiðir milli vina
- * Gangstéttir
- * Gangbrautir
- * Umferðarljós
- * Öryggi barna í bíl
- * Skólabíll /strætó
- * Hjól, hjólaleiktæki og öryggisbúnaður
- * Útivistartími
- * Endurskinsmerki



Akstur umhverfis skólann

Vinsamlegast akið varlega umhverfis skólann.

Hleyptu barni þínu út úr bifreið á öruggu svæði.

Uppeldi snýst um að opna augu!

Samtöl og bóklestur, útskýringar og skýrar reglur, leikir og hreyfing eru þroskandi.

Afskiptaleysi, boð og bönn án útskýringa, kyrrsetur, of erfið eða of létt verkefni geta hins vegar hamlað þroska barna.